

DAGSKRÁ

# SAMAN ÚTI Í MÝRI

ALÞJÓÐLEG BARNNA- OG  
UNGLINGABÓKMENNTAHÁTÍÐ  
Í REYKJAVÍK 14.–16. OKTÓBER 2021  
Í NORRÆNA HÚSINU

---

FIMMTUDAGUR 14. OKTÓBER

FÖSTUDAGUR 15. OKTÓBER

LAUGARDAGUR 16. OKTÓBER

Málþing

Dagskrá fyrir skólahópa

Fjölskyldudagskrá

---

*Frítt er inn á alla viðburði og skráningar fara fram á [tix.is](http://tix.is) og [myrinfestival@gmail.com](mailto:myrinfestival@gmail.com)*



# Fimmtudagur 14. október

## MÁLÞING

Fyrirlestrar og pallborðsumræður um strauma og stefnur í barnabókmenntum

*Fyrirlestrasalur | Málþingið fer fram á ensku | Í streymi | Skráning á tix.is*

### 09:15–9:25 | SETNING MÝRARINNAR

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra flytur setningarávarp.

### 09:30–10:30 | NÁTTÚRA OG MAÐUR

Í þessari málstofu verður rætt um hvernig tengsl manns og náttúru birtast í barnabókmenntum, bæði nýjum og gömlum. Við munum einnig velta fyrir okkur gildi þess að nota bókmenntir til að ræða við börn um náttúruna, eiginleika hennar, verðmæti og hvernig þeirra eigin sjálfsmynd getur tekið mót af því hvernig þau ýmist spegla sig í náttúrunni, sjá sig sem hluta af henni, eða líta á hana sem eitthvað ytra. Þátttakendur eru **Gunnar Theodór Eggertsson** (IS), **Jurga Vile** (LI), **Lina Itagaki** (LI) og **Witse Sybesma** (NE).

Stjórnandi: Ólafur Páll Jónsson

### 10:30–10:45 | KAFFIHLÉ

### 10:45–11:15 | NORRÆNI BÓKAORMURINN

Norræni bókaormurinn (Den nordiska bokslukaren) er nýtt verkefni sem hefur það að markmiði að stuðla að lestri norrænna barnabókmennta. Það verður gert með því að búa til kennsluefni út frá norrænum myndabókum og kynna þannig börnin fyrir þeim fjársjóði sem norrænar barnabókmenntir hafa að geyma. **Mikaela Wickström** frá Nordisk kulturkontakt í Finnlandi segir frá verkefninu.

### 11:15–12:15 | NÁTTÚRAN OG LOFTSLAGSBREYTINGAR

Hvernig skrifar maður barnabækur um loftslagsbreytingar? Hvernig geta barnabækur hjálpað okkur að stuðla að sterkari samkennd milli manna og lífríkis? Eru sum bókmenntaform hentugri en önnur til þess að miðla sýn höfunda á vandanum? Loftslagsbreytingar eru raunveruleiki sem ógnar vistkerfum og samfélagi manna og ljóst er að ungir lesendur munu fá að reyna afleiðingar þeirra á dýpri hátt en þau sem eldri eru. Í þessari málstofu ræða höfundar barnabóka og fræðimenn um nálganir og áskoranir

við að miðla raunveruleika loftslagsbreytinga til lesenda. Þátttakendur eru **Eva Rún Þorgeirsdóttir** (IS), **Guðni Elísson** (IS), **Hildur Knútsdóttir** (IS), **Kristin Roskifte** (NO) og **Sævar Helgi Bragason** (IS).

**Stjórnandi:** Sólveig Ásta Sigurðardóttir

#### 12:15–12:40 | HÁDEGISVERÐUR

#### 12:40–13:00 | VIÐTAL

Moomin Characters Ltd. hafa það hlutverk að varðveita og efla arfleifð Tove Jansson. Hvernig fara þau að því? Vissir þú að *Moomins* var fyrsti sjónvarpsþátturinn sem var sýndur í Japan? Er það satt að sögupersónan Sophia úr *Sumarbók* Tove Jansson var byggð á frænku Tove, Sophia Jansson? **Erling Kjærbo** (FO), yfirlýðingavörður í Norræna húsinu, tók viðtal við **Sophia Jansson** (FI), stjórnarformann og listrænan stjórnanda Moomin Characters, og **Roleff Kråkström** (FI), framkvæmdastjóra Moomin Characters, um Tove Jansson, Múmín og náttúruna í heimsókn þeirra á Bókmenntahátíð í Reykjavík 2021.

#### 13:00–14:15 | HÖFUNDASPJALL MEÐ HÖFUNDUM FRÁ EYSTRASALTSRÍKJUNUM

Höfundaspjall með höfundunum **Agnese Vanaga** og **Anna Vaivare** frá Lettlandi, **Indrek Koff** og **Kertu Sillaste** frá Eistlandi og **Jurga Vile** og **Lina Itagaki** frá Litháen.

**Stjórnandi:** Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir

#### 14:15–14:30 | KAFFIHLÉ

#### 14:30–15:30 | BARNABÆKUR FRAMTÍÐARINNAR

Heimur okkar breytist og það þurfa barnabókmenntirnar líka að gera. Mun hlutverk barnabóka breytast á næstu áratugum? Verða þær þýðingarminni? Hvernig mun útgáfubransinn takast á við þarfir nýrra lesenda á umhverfislega ábyrgan hátt? Þátttakendur í málstofu eru **Agnese Vanaga** (LV), **Andri Snær Magnason** (IS), **Fiona Khan** (SA), **Linda Bondestam** (FI) og **Timo Parvela** (FI).

**Stjórnandi:** Arndís Þórarinsdóttir

# Föstudagur 15. október

---

## VINNUSTOFUR fyrir skólahópa

### 9:00–9:50 | AÐ FANGA HUGMYNDIR

Hvernig verður saga til? Fyrst er auðvitað að fá hugmyndina, en hvað svo? Í ritsmiðju með **Hildi Knútsdóttur** verður fjallað um hvað þarf til þess að breyta hugmynd í sögu.

*Fyrirlestrasalur | Á íslensku | Skráning á myrinfestival@gmail.com | 11-15 ára*

### 9:15–10:00 | GÓÐA NÓTT JÖRÐ

Komdu með uppáhaldsbangsann þinn í sögustund og vinnustofu með **Linda Bondestam** frá Finnlandi. Linda les bók sína *Góða nótt jörð* og ræðir við börnin um háttatímamann. Þau mála og klippa út bangsa og rúm og síðan fer bangsinn að sofa. Að lokum fá börnin að segja sögu um bangsann sinn. **Diljá Sigursveinsdóttir** túlkar á íslensku.

*Gróðurhúsið | Á ensku og íslensku | Skráning á myrinfestival@gmail.com | 5-7 ára*

### 9:15–10:15 | MÚMÍNÁLFARNIR

Má bjóða þér í skoðunarferð um hinn töfrandi Múmíndal og kynnst þar Múmínstafrófinu? Listkennari leiðir ferðina í gegnum gagnvirka Múmínálfasýningu sem unnin er í samvinnu við *Moomin Characters*. Í lok ferðarinnar hittum við **Múmínsnáðann** og **Míu litlu** sem eru komin í heimsókn alla leið frá Finnlandi.

*Barnabókasafn | Á íslensku og ensku | Skráning á myrinfestival@gmail.com | 5 ára*

### 10:00–10:50 | HÖFUNDASPJALL

Hefur þú lesið Kepler 62-bækurnar? Langar þig að hitta einn af höfundum bókanna, **Timo Parvela** frá Finnlandi, og fá tækifæri til að spyrja hann spurninga og ræða við hann um bókaflokkinn?

*Fyrirlestrasalur | Á ensku | Skráning myrinfestival@gmail.com | 10-12 ára*

### 10:30–11:10 | BÚUM TIL RÓ

Sögur hafa öflug áhrif á okkur. Þær geta verið myndnar, spennandi og fjörugar en líka kallað fram frið og ró. Í smiðjunni með **Evu Rún Þorgeirsdóttur** notum við krafta ímyndunaraflsins til að búa til sögu saman sem fer með okkur í skemmtilegt og fallett ferðalag - og lætur okkur líða vel. Skapandi og heilandi stund þar sem við töfrum fram hina eftirsóttu og dýrmætu ró.

*Alvar stofa | Á íslensku | Skráning á myrinfestival@gmail.com | 8-9 ára*

### 10:30–11:20 | ÖLL MEÐ TÖLU

Það er frábært hvað við erum öll ólík! *Öll með tölu*, eftir **Kristin Roskifte** frá Noregi er skemmtileg og lifandi bók þar sem hægt er að telja fólk, fylgja því eftir og sjá hvernig sögur þeirra fléttast saman. Í bókinni eru mörg leyndarmál, bæði stór og smá, sem forvitnir og glöggir lesendur geta komist að. Vinnustofa og upplestur á norsku og íslensku. **Kristin** les bókina á norsku og **Hildur Heimisdóttir** les með henni á íslensku.

*Barnabókasafn | Á norsku og íslensku | Skráning á myrinfestival@gmail.com | 8-9 ára*

### 11:00–11:50 | VINALEGI POKINN

**Agnese Vanaga** frá Lettlandi segir frá bók sinni *Plastic hooligans* og ræðir um mengun og hversu mikilvægt það er að hugsa vel um náttúruna. Börnin fá að mála á umhverfisvæna taupoka í vinnustofu með **Agnese** og samlöndu hennar **Anna Vaivare**.

*Fyrirlestrasalur | Á ensku | Skráning á myrinfestival@gmail.com | 5-12 ára*

### 11:30–12:00 | MÚMÍNSNÁÐINN OG MÍA LITLA

Langar þig að hitta **Múmínsnáðann** og **Míu litlu** og syngja og dansa með þeim? Þau eru komin hingað alla leið frá Finnlandi til að hitta ykkur.

*Barnabókasafn | Á ensku | Skráning á myrinfestival@gmail.com | 3-6 ára*

### 12:05–12:50 | LANGA FERÐALAGIÐ

Sögustund og vinnustofa með **Kertu Sillaste** frá Eistlandi. **Kertu** les bók sína *HJÁLP!* sem er þögn bók eða bók án orða og kynnir þær teikniaðferðir sem hún notar í bókum sínum. Hún kennir börnunum að búa til sína eigin þöglu bók um langt ferðalag sem börnin fá að sýna og lesa fyrir hina í hópnum.

*Fyrirlestrasalur | Á ensku | Skráning á myrinfestival@gmail.com | 8-12 ára*

### 12:15–13:15 | MÚMÍNÁLFARNIR

Viltu fara í skoðunarferð um hinn töfrandi Múmíndal og kynnst þar Múmínstafrófinu? Listkennari leiðir ferðina í gegnum gagnvirka Múmínálfasýningu sem unnin er í samvinnu við *Moomin Characters*. Í lok ferðarinnar hittum við **Múmínsnáðann** og **Míu litlu** sem eru komin í heimsókn alla leið frá Finnlandi.

*Barnabókasafn | Á íslensku og ensku | Skráning á myrinfestival@gmail.com | 5-8 ára*

### 13:00–13:50 | BRÉF Í ELDSPÝTUSTOKKI

Vinnustofa með **Jurga Vile** og **Lina Itagaki** frá Litháen út frá bók þeirra *Siberian haiku*. Börnin ímynda sér að þau séu á pósthúsi fullu af pínulitlum pökkum. Börnin fá tóman eldspýtustokk og langan renning sem þau brjóta saman í bók með sérstöku broti þannig að hún passi ofan í eldspýtustokkinn. Þau fá *haiku* ljóð eða semja sitt eigið ljóð sem þau skrifa í bókina og myndskreyta. Hægt er að búa til teiknimyndasögu eða eina langa mynd. Að lokum teikna börnin kápumynd fyrir eldspýtustokkinn þannig að hann líkist lítilli bók.

*Fyrirlestrasalur | Á ensku | Skráning á myrinfestival@gmail.com | 8-12 ára*

### 13:25–14:15 | TEIKNIMYNDAGERÐ

Kennarar úr Íslenska myndasögusamfélaginu (ÍMS), félagi fagmanna í myndasögum á Íslandi, bjóða upp á vinnustofu í persónugerð fyrir manga, japönskum myndasögum. Fjallað verður um persónusköpun í manga, en þær láta sig oft umhverfis- og samfélagsmál varða, og sýnt verður hvernig hægt er að skapa persónur fyrir manga-teiknimyndir.

*Barnabókasafn | Á íslensku | Skráning á myrinfestival@gmail.com | 12-16 ára*

# Laugardagur 16. október

## SÖGUSTUNDIR OG VINNUSTOFUR/SMIÐJUR fyrir fjölskyldur

### 10:00–11:00 | LETTNESKI SKÓLINN Á ÍSLANDI

Agnese Vanaga og Anna Vaivare hitta börnin í Lettneska skólanum á Íslandi í Norræna húsinu. Lettneskumælandi fjölskyldur hjartanlega velkomnar.

*Barnabókasafn | Á lettnesku | Skráning á tix.is | Allur aldur*

### 10:45–11:00 | MÚMÍNSNÁÐINN OG MÍA LITLA

Langar þig að hitta **Múmínsnáðann** og **Míu litlu**, fá að knúsa þau og vera með þeim á mynd? Þau eru komin hingað alla leið frá Finnlandi til að hitta ykkur.

*Fyrirlestrasalur | Á ensku | Skráning á tix.is | Allur aldur*

### 11:00–11:15 | MÚMÍNÁLFARNIR

Viltu fara í skoðunarferð um hinn töfrandi Múmíndal og kynnst þar Múmínstafrófinu? Listkennari leiðir ferðina í gegnum gagnvirka Múmínálfasýningu sem unnin er í samvinnu við *Moomin Characters*.

*Barnabókasafn | Á íslensku | Skráning á tix.is | Allur aldur*

### 11:15–12:00 | FRÁ HLJÓÐI TIL SÖGU

Vinnustofa með **Indrek Koff** frá Eistlandi um að finna innblástur í hljóðum. Eftir að hafa hlustað á mismunandi hljóð byrja þátttakendur að ímynda sér söguhetju sem gætu framleitt þessi hljóð og þau teikna hana á blað. Eftir það gefum við sögupersónunni líf með því að búa til sögu um hana.

*Fyrirlestrasalur | Á ensku | Skráning á tix.is | Frá 5 ára*

### 11:45–12:15 | SÖGUSTUND Á FINNSKU

**Timo Parvela** les á sögu á finnsku. Allir velkomnir og sérstaklega finnskumælandi fjölskyldur.

*Alvar stofa | Á finnsku | Skráning á tix.is | Allur aldur*

### 12:00–12:45 | SÖGUSTUND Á LITHÁÍSKU

Jurga Vile og Lina Itagaki hitta börnin í Litháíska skólanum á Íslandi í Norræna húsinu.

*Barnabókasafn | Á litháísku | 8-15 ára*

### 12:15–12:45 | MÚMÍNSNÁÐINN OG MÍA LITLA

Langar þig að hitta **Múmínsnáðann** og **Míu litlu** og syngja og dansa með þeim? Þau eru komin hingað alla leið frá Finnlandi til að hitta ykkur.

*Fyrirlestrasalur | Á ensku | Skráning á tix.is | Allur aldur*

### 12:45–13:15 | SÖGUSTUND Á SÆNSKU

Linda Bondestam les sögu á sænsku. Allir velkomnir og sérstaklega sænskumælandi fjölskyldur.

*Alvar stofa | Á sænsku | Skráning á tix.is | Allur aldur*

### 13:00–13:45 | SÖGUSTUND Á EISTNESKU

Kertu Sillaste og Indrek Koff lesa úr verkum sínum. Eistneskumælandi fjölskyldur eru hvattar til að mæta.

*Barnabókasafn | Á eistnesku | Skráning á tix.is | Allur aldur*

### 13:00–13:45 | FURÐUHEIMAR SÓLKERFISINS

Smíðja með **Sævari Helga Bragasyni** þar sem við ímyndum okkur hvernig það væri að heimsækja ýmsa furðustaði í sólkerfinu okkar. Við teiknum staðina og setjum okkur í spor geimfara framtíðarinnar sem kanna þá.

*Fyrirlestrasalur | Á íslensku | Skráning á tix.is | 6-10 ára*

### 13:30–14:15 | ALLE SAMMEN TELLER

Það er frábært hvað við erum öll ólík! *Alle sammen teller*, eftir **Kristin Roskifte** frá Noregi, er skemmtileg og lifandi bók þar sem hægt er að telja fólk, fylgja því eftir og sjá hvernig sögur þeirra fléttast saman. Í bókinni eru mörg leyndarmál, bæði stór og smá, sem forvitnir og glöggir lesendur geta komast að. Sögun á norsku.

*Alvar stofa | Á norsku | Skráning á tix.is | Allur aldur*



### 14:00–14:30 | FLÖKKUSAGA - SÖGUSTUND

Lára Garðarsdóttir les bók sína *Flökkusaga* sem fjallar um ísbirni sem neyðast til að leggja land undir fót og þurfa að takast á við krefjandi verkefni á nýjum slóðum eins og að falla inn í hópinn.

*Barnabókasafn | Á íslensku | Skráning á tix.is | 3-7 ára*

### 14:30–14:50 | MÚMÍNSNÁÐINN OG MÍA LITLA

Langar þig að hitta **Múmínsnáðann** og **Míu litlu**, fá að knúsa þau og vera með þeim á mynd? Þau eru komin hingað alla leið frá Finnlandi til að hitta ykkur.

*Barnabókasafn | Á ensku | Skráning á tix.is | Allur aldur*

### 15:00–16:00 | FÓLKSFLUTNINGAR, FLÓTTAFÓLK OG INNFLYTJENDUR – MÁLSTOFA

Er mögulegt að nota frásagnir og myndir til að auka skilning barna á hlutskipti annarra? Geta bækur byggt brýr milli ólíkra menningarheima? **Anna Vaivare (LV)**, **Indrek Koff (ER)**, **Kertu Sillaste (ER)**, **Kristín Helga Gunnarsdóttir (IS)** og **Lára Garðarsdóttir (IS)** og lýsa því hvernig þau hafa tekist á við þessar spurningar og önnur málefni tengd fólksflutningum, flóttafólki og innflytjendum í verkum sínum.

**Stjórnandi:** Guðrún Lára Pétursdóttir

*Fyrirlestrasalur | Á ensku | Skráning á tix.is*